

ALÞINGI
Skrifstofa – Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

5. desember 2010

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu
Þingskjal 28 – 28. mál
139. löggjafarþing 2010-2011

Engar athugasemdir eru gerðar við þingsályktunartillöguna eða orðalag hennar.


Undirritaður vill taka undir flest það, sem fram kemur í greinargerð með tillögunni og greina um leið frá aðstæðum Norlandair ehf. og viðskiptavina félagsins í þessu sambandi.

Norlandair ehf., sem hefur aðsetur sitt á Akureyri, keypti Twin Otter flugvélar Flugfélags Íslands árið 2008 og hefur síðan annast þau verkefni, sem þessar vélar sinntu áður. Félagið gegnir þannig veigamiklu hlutverki í flugsamgöngum milli Íslands og Grænlands og innanlands í Grænlandi, einkum þar sem strjálbýli er mikið og fáir skráðir flugvellir. Er þá jafnan lent með sérstökum hjólabúnaði utan eiginlegra flugvalla eða með skíðum á snjó og ís. Margir viðskiptavina félagsins eru vísindamenn og þá aðallega jarðfræðingar og er viðfangsefni þeirra jafnan leit að verðmætum jarðefnum.

Strandlengjan á milli Ammasalik og Scoresbysunds á austurströnd Grænlands er um 800km löng, óbyggð og mjög óaðgengileg öllum þeim, sem þangað vilja leggja leið sína. Á hverju ári, s.l. aldarfjórðung, hafa Norlandair og forverjar þess stundað umfangsmikla flutninga frá Ísafirði til þessa svæðis. Nálægð Ísafjarðarflugvallar er lykilatriði, sem gerir flugvélunum kleift að fljúga fram og til baka með viðunandi farm, án þess að taka eldsneyti í Grænlandi. Fullyrða má, að ekki væri um flugsamgöngur að ræða inn á þessar slóðir, ef Ísafjarðarflugvairar nyti ekki við.

Vísindaleiðangrar til Grænlands krefjast mikils undirbúnings og er afar mikilvægt, að hægt sé að reiða sig á Ísafjarðarflugvöll í því sambandi. Þótt viðkomandi stjórnvöld hafi reynt að verða við óskum um undanþágur, er slíkt fyrirkomulag auðvitað alis óviðunandi til frambúðar.

Virðingarfyllst,
Norlandair ehf.



Friðrik Adólfsson
framkvæmdastjóri